



Til: Sveitastjórnar Flóahrepps
Frá: LEX lögmannsstofu / Óskar Sigurðsson hrl.
Dags: 13. febrúar 2018
Efni: Upplýsingar til málsaðila um aðgang að gögnum sem hann varða

I. Inngangur

Til LEX hefur leitað sveitastjórn Flóahrepps og óskað eftir ráðgjöf varðandi upplýsingar til málsaðila þegar óskað er eftir aðgangi að gögnum, sem hann varða og afhenda ber.

Nánar tiltekið liggur fyrir beiðni um afhendingu á starfslokasamningi sveitarfélagsins við fyrrverandi skólastjóra og hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál kveðið á um að afhenda beri starfslokasamning viðkomandi í heild sinni.

II. Upplýsingaréttur

Það leiðir af ákvæði 3. tl. 18. gr. laga nr. 20/1991 um persónuvernd að fyrrverandi skólastjóri á rétt á að fá frá sveitarfélaginu vitneskju um hver fær aðgang að umræddum starfslokasamningi. Ákvæðið hljóðar orðrétt svo:

18. gr. Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
- 3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;**
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.


Ábyrgðaraðili er í þessu tilviki sveitarfélagið og hinn skráði fyrrverandi skólastjóri, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1991.

III. Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu á fyrrverandi skólastjóri lögbundinn rétt til að fá upplýsingar frá sveitarfélaginu um hver fái, hafi fengið eða muni fá upplýsingar um starfslokasamning hans. Það er því rétt hjá sveitarfélaginu að upplýsa fyrrverandi skólastjóra um nöfn þeirra sem fá afhentan umræddan samning.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar eða skýringar sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,



Óskar Sigurðsson, hrl.